

## GJALDSKRÁ

### fyrir katta- og hundahald í Blönduósbæ.

#### 1. gr.

Af hundum og köttum í Blönduósbæ skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari sem eru ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Blönduósbæ, nr. 242/2004 og samþykkt um kattahald í Blönduósbæ, nr. 1121/2005.

#### 2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds í fyrsta sinn skal innheimta skráningargjald að fjárhæð kr. 3.270 ásamt árlegu leyfisgjaldi vegna hunds að fjárhæð kr. 10.530 miðað við heilt ár. Við umsókn um skráningu kattar í fyrsta sinn skal innheimta skráningargjald að fjárhæð kr. 3.270 ásamt árlegu leyfisgjaldi vegna katta að fjárhæð kr. 3.750 miðað við heilt ár. Leyfisgjaldið lækkar svo eftir því sem líður á árið þegar kemur til fyrstu skráningar, gjaldið er í janúar - mars 100%, apríl - júní 75%, júlí - september 50% og október - desember 25%.

Leyfisgjald er ekki endurgreitt þrátt fyrir breytingar á katta- eða hundahaldi innan ársins.

#### 3. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu hunda er innifalin í gjaldi sem innheimt er samkvæmt 2. gr. Í þessu sambandi víast til e- og f-liða 2. gr. samþykktar um hundahald á Blönduósi nr. 242/2004, sem kveða á um skyldur hundaeigenda til að hafa hunda sína ábyrgðartryggða og er tryggingin innfalin í gjaldinu enda sé það í skilum.

Árleg hundahreinsun er á ábyrgð hundaeigenda og framkvæmd hennar í höndum þeirra. Blönduósbaer auglysir 2 daga á ári þar sem boðið er uppá hundahreinsun sem er innifalin í gjaldinu. Að öðrum kosti ber eigendum að snúa sér til dýralæknis sem annast hana á kostnað hundaeigenda.

#### 4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending	kr. 10.530
Önnur afhending	kr. 18.950
Priðja afhending	kr. 29.170
Við afhendingu hunds/kattar sem ekki er gilt leyfi fyrir	kr. 22.900

Að auki skal umráðamaður hunds/kattar greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds/kattar. Óskráða hunda/ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

#### 5. gr.

Gjalddagi leyfisgjalda er 1. mars og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

#### 6. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

#### 7. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Blönduósbæjar staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um

Nr. 1528

21. desember 2020

hundahald í Blönduósbæ nr. 242/2004 og samþykkt um kattahald í Blönduósbæ nr. 1121/2005, til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 18/2020.

*Blönduósi, 21. desember 2020.*

**Valdimar O. Hermannsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. janúar 2021